

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fólkvangs Neskaupstaðar, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2017 deiliskipulag fólkvangs Neskaupstaðar.

Skipulagssvæðið er staðsett utan við þéttbýlið í Norðfirði, er 320,4 ha að stærð og nær yfir og fjallar um fólkvang Neskaupstaðar auk 2 ha svæðis innan hans þar sem gert er ráð fyrir þjónustusvæði. Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 27. júní 2017.*

**Páll Björgvin Guðmundsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. júlí 2017